

Skipulag fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti starfar samkvæmt lögum nr. 115 frá 2011, um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands frá árinu 2012. Samkvæmt 17. gr. laganna kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneytisins í skrifstofur eftir verkefnum. Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

1. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Staðgengill hans skal koma úr röðum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra.
2. Með ráðherra starfa einn til tveir aðstoðarmenn.
3. Skrifstofu eða sviði, sem er ígildi skrifstofu í skilningi Stjórnarráðslaga, stýrir skrifstofustjóri.
4. Sérfræðingar starfa innan einstakra skrifstofa eða sviða. Sama gildir um annað starfsfólk. Skrifstofustjórum eru sett erindisbréf en sérfræðingar starfa samkvæmt starfslýsingu.

Ráðuneytið starfar sem ein heild og skiptist í fimm skrifstofur og tvö svið. Skrifstofurnar eru: (a) efnahagsskrifstofa, (b) fjárlagaskrifstofa, (c) fjárreiðu- og eignaskrifstofa, (d) starfsmannaskrifstofa og (e) tekju- og skattaskrifstofa. Sviðin eru lögfræðisvið og rekstrar- og upplýsingasvið. Ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofa og sviða og felur einum starfsmanna hverrar skrifstofu og sviðs staðgöngu fyrir skrifstofustjóra í fjarveru hans. Verkefni skiptast milli sviða og skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Lögfræðisvið annast almenn stjórnsýslumálefni sem ráðuneytið varða. Það er skrifstofum ráðuneytisins til aðstoðar og ráðgjafar um málefni á ábyrgðarsviði þeirra. Lögfræðisvið hefur yfirumsjón með málefnum er varða ríkisstyrki, þjóðlendur og lífeyrismál. Sviðið hefur umsjón með þingmálum og fer með samskipti við skrifstofu Alþingis og stofnanir þess, umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun, en einnig við embætti ríkislögmanns. Lögfræðisvið hefur af hálfu ráðuneytisins yfirumsjón með lögformlegri framkvæmd EES-samningsins eins og hún snýr að ráðuneytinu og annarra alþjóðlegra samninga sem heyra undir ráðuneytið og Ísland er aðili að.

Rekstrar- og upplýsingasvið annast rekstur ráðuneytisins, sameiginlega þjónustu, upplýsingamál, fjárlagagerð og rekstrarlegt eftirlit með stofnunum ráðuneytisins. Í rekstri ráðuneytisins felst m.a. áætlanagerð, fjármál, innkaup og starfsmannamál. Með sameiginlegri þjónustu er m.a. átt við afgreiðslu, símsvörun, póst- og sendlaþjónustu, bókhald, greiðslu reikninga og umsjón með tækjakosti. Skrifstofan hefur umsjón með skjala- og upplýsingamálum, upplýsingamiðlun, útgáfu og mótar stefnu og markmið um rafræna stjórnsýslu í samráði við önnur ráðuneyti. Auk þess vinnur rekstrar- og upplýsingasvið ásamt öðrum skrifstofum að undirbúningi og framkvæmd einstakra verkefna ráðuneytisins á sviði umbóta- og fræðslumála.

Efnahagsskrifstofa annast mat á þróun og horfum í efnahagsmálum og samskipti við Hagstofu Íslands um gerð þjóðhagsspar. Skrifstofan hefur umsjón með undirbúningi og

eftirfylgni með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, samhæfingu opinberrar hagstjórnar og kynningu á efnahags- og hagstjórnarmálum innanlands og utan. Undir verksvið skrifstofunnar falla jafnframt lög um vexti og verðtryggingar, gjaldeyrismál og fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. Þá annast skrifstofan gerð hagfræðilegra athugana, samskipti við erlend matsfyrirtæki og samskipti við ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviði efnahagsmála. Einnig fer skrifstofan með málefni Seðlabanka Íslands að því marki er þau heyra undir fjármálaráðuneytið og annast samskipti við bankann um efnahags- og peningamál.

Fjárlagaskrifstofa hefur umsjón með meginverkefnum fjárlagagerðar og undirbýr stefnumörkun í ríkisfjármálum í samráði við áherslur stjórnvalda. Meginverkefni fjárlagagerðar eru að styrkja stöðu ríkisfjármála til framtíðar, skipta ríkisfjármunum í samræmi við forgangsstöðun ríkisstjórnarinnar og treysta fjárlagaferlið. Skrifstofan tekur þátt í því ásamt öðrum skrifstofum að bæta áætlanagerð, tryggja framgang fjárlaga og ganga eftir því að þjónusta ríkisins sé veitt á skilvirknan hátt. Skrifstofan undirbýr jafnframt setningu heildarmarkmiða í ríkisfjármálum, fjárlagaramma fyrir ríkið í heild og gerir tillögur sem stuðla að aðhaldi og samdrætti í ríkisútgjöldum. Loks annast skrifstofan langtíma-stefnumörkun í ríkisfjármálum og gerir spár um þróun útgjalda afkomu, þróun lánsfjár-jafnaðar og skuldastöðu.

Fjárreiðu- og eignaskrifstofa hefur umsjón með framkvæmd fjárlaga, starfsháttum í ríkisrekstri og ýmsum þáttum í fjármálastjórn ríkisins. Í því felst að hafa eftirlit með því að fjárreiður ráðuneyta og stofnana séu lagaðar að forsendum fjárlaga, bæta stjórnunarhætti og áætlanagerð, þróa uppgjörsaðferðir ríkisaðila, móta samskipti ríkis og einkamarkaðar auk stefnumótunar og framkvæmdar í fjárstýringu, lánamálum, opinberum framkvæmdum, fasteignamálum ríkisins og meðferð eignarhluta ríkisins í félögum og fyrirtækjum. Jafnframt annast skrifstofan umsýslu jarðeigna ríkisins, ráðstöfun ríkisjarða og starfrækslu Jarðasjóðs ríkisins. Undir verksvið skrifstofunnar falla verkefni samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, ríkisreikningsnefndar og framkvæmdanefndar um árangursstjórnun.

Starfsmannaskrifstofa er málsvari ríkisins í málefnum vinnumarkaðarins og kemur sjónarmiðum þess á framfæri á þeim vettvangi. Skrifstofan mótar stefnu ríkisins í starfsmanna- og mannauðsmálum í samræmi við áherslur stjórnvalda og ber ábyrgð á því laga- og regluverki sem varðar launa-, kjara- og lífeyrismál starfsmanna ríkisins, réttindi þeirra og skyldur. Einnig veitir skrifstofan stjórnvöldum og einstökum stofnunum ráðgjöf við framkvæmd og túlkun laga, reglna, samninga um vinnumarkaðs- og starfsmannamál. Almennar og sértækar úttektir og athuganir á sviði kjara- og stefnumarkandi mála eru í umsjá skrifstofunnar og þá falla verkefni samninganefndar ríkisins undir verksvið skrifstofunnar.

Tekju- og skattaskrifstofa hefur heildarsýn yfir tekjuöflun ríkisins og mótar stefnu í þeim efnum í samráði við yfirstjórn og aðrar skrifstofur ráðuneytisins eftir atvikum. Skrifstofan undirbýr setningu heildarmarkmiða er tekjuöflunina varðar og setur fram langtímaáætlanir um þróun tekna. Að auki hefur skrifstofan umsjón með gerð tekjuáætlunar fjárlaga ár hvert og eftirfylgni með innheimtu og greiðsluflæði einstakra tekjustofna. Jafnframt annast skrifstofan skattathuganir, skattalöggjöf, rannsóknir og mat á skattbreytingum með hliðsjón

af stefnumótun ríkisfjármála, og efnahagsmálum almennt. Þá annast skrifstofan samræmingu varðandi þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um ríkisfjármál og skattamál og ennfremur gerð tvísköttunar- og upplýsingaskiptasamninga.

Skipulag þetta tekur gildi 1. september 2012 og gildir uns annað er ákveðið.